

Fundargerð 14. fundar verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar
Haldinn á Teams 27. mars 2026 kl.13 – 15

Sameiginlegur fundur verkefnisstjórnar og formanna faghópa

Mætt voru: Svanfríður Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson, Ása L. Aradóttir, Guðrún A. Sævarsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, Birna Lárusdóttir, Kolbrún Reinholdsdóttir, Birgir Guðmundsson, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

UOS: Rán Jónsdóttir

HMS: Egill Þórarinsson

Fyrir fundinum lágu minnisblöð um tímafresti skv. 48/2011 og Heildstætt frummat skv. sömu lögum.

Tillaga um meðferð friðuðu svæðanna var áður send út til verkefnisstjórnar og formanna faghópa.

Þá lá fundargerð 13. fundar verkefnisstjórnar fyrir fundinum.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 13. fundar, föstudaginn 13. mars
Fundargerðin var staðfest
2. Meðferð friðuðu svæðanna
Um er að ræða svæði hverra friðlýsingar voru afturkallaðar í kjölfar dóms Hæstaréttar 27. mars 2024, mál nr. 36/2023, en það eru: Jökulsá á Fjöllum, Geysir, Kerlingarfjöll, Brennisteinsfjöll, Gjástykki, Hólmsá, Jökulfall og Hvítá og Tungnaá.

Við afgreiðslu fundargerðar samþykkti verkefnisstjórn eftirfarandi tillögu um meðferð málsins:

Á grundvelli dóms Hæstaréttar hinn 27. mars 2024 voru tillögur að friðlýsingu átta svæða afturkallaðar. Til að undirbúa nýja þingsályktunartillögu þar sem farið yrði að dómi Hæstaréttar felur verkefnisstjórn faghópum að meta hvort slíkar forsendubreytingar hafi orðið frá því faghópar mátu þessa kosti að þörf sé á að endurtaka fyrra mat.

3. Breyting á lögum 48/2011 er varða **tímafresti í vinnu faghópa og verkefnisstjórnar**
Fundarmenn ræddu tímafresti og mögulegar afleiðingar þeirra og hvort eða hvernig þeir kölluðu á ný vinnubrögð. Nefnt var að gera excel-skjal til að halda utan um ferli þeirra virkjanahugmynda sem kæmu á borð verkefnisstjórnar til að hafa yfirsýn yfir ferlið og að geta þá komið með ábendingar ef þörf krefði um breytingar ef þetta tímaplan gengur ekki upp.
4. Breyting á lögum 48/2011. **Heildstætt frummat.**
Undir þessum lið kom á fundinn Egill Þórarinsson, teymisstjóri umhverfismála hjá Húsnæðis- mannvirkja- og Skipulagsstofnun (HMS) og fór yfir vinnu stofnunarinnar við umhverfismat framkvæmda. Egill var með glærur sem hann mun senda á Rán og hún þá koma fyrir á Teams.

Að loknu erindi Egils ræddi fundurinn um hvort og þá hvar vinna faghópa og verkefnisstjórnar rammaáætlunar annars vegar og hins vegar vinna við umhverfismat framkvæmda skarast. Varðandi það hvort verkefnisstjórn rammaáætlunar gæti breytt sinni vinnu eða farið hraðar yfir var á það benti að vinna verkefnisstjórnar og faghópa væri mikilvæg þar sem um væri að ræða ákvarðanir sem væru bindandi fyrir skipulag sveitarfélaga.

Einnig var rætt um umhverfismar áætlana og ljóst að sú umræða er ekki tæmd.

5. Önnur mál

- a. Starfsmaður verkefnisstjórnar (RJ) kynnti gátlista sem hún hefur unnið til að hafa til hliðsjónar við mat á því hvort næg gögn hafa borist með beiðnum framkvæmdaaðila um umfjöllun í rammaáætlun. Listarnir eru unnir með hliðsjón af reglugerð Nr. 530/2014 um virkjanakosti í verndar- og orkunýtingaráætlun. Listarnir verða sendi til skoðunar hjá formönnum faghópa.
- b. Rán mun einnig fara yfir miðlun gagna til faghópa og kanna hjá ráðuneyti hvort unnt er að fá það form fyrir tímaskýrslur faghópa sem notað var á síðasta tímabili.
- c. Farið var yfir hvernig best væri að miðla fundargerðum faghópa og koma á síðu verkefnisins.
- d. Formenn faghópa 1 og 2 fóru yfir hugmyndir að rannsóknarverkefnum sem legið hafa fyrir og verða þær sendar til formanns til skoðunar.

Fundi slitið kl. 15.10